

K V E R K Á R T U N G A

Jörð í Skeggjastaðahreppi, suður eða suðvestur frá Miðfjarðarnesseli, er í eyði, var byggð 1836-1936. Upplýsingar um örnefni eru skrá Þórarins í Steintúni, og síðan fór Arnmundur Gíslason á Akranesi yfir skrána. Arnmundur er fæddur og uppalinn á Langanesströndinni.

Jörð þessi er tungan milli Kverkár (1) að norðan og vestan og Miðfjarðarár (2) að austan. Byrjum við nú neðst, þar sem árnar mætast, en þar heitir Tungusporður (3). Í Miðfjarðará er þar hylur, sem heitir Ármótahylur (4), og lengra upp með er í ánni annar hylur, sem heitir Skrúðhólshylur (5). Þá er þar nokkru ofar Fálkafoss (6) og Bæjarfoss (7), kenndur ~~er~~ við bæinn í Kverkártungu. Nokkuð innan við Fálkafoss er Grasdalur (8), sem liggur þar næstum þvert yfir tunguna norður undir Háubakkavað (9) á Kverká.

Innan við Grasdál með Miðfjarðará er Hulduhóll (10); er hann í djúpum hvammi og sést ekki fyrr en komið er að honum, (5 aths.). Þá er Bæjarhvamur (11), og þar inn af er Bæjarfossinn niður af túninu í Kverkártungu. Neðan við túnið er mýrardrag, sem heitir Fit (12). Upp af túninu er hvamur eða lægð í ytri enda Tunguhæðar, sem heitir Snjóbotnar (13). Nokkuð ofan við Bæjarfoss er svo Sniðfoss (14) í ánni. Þar móts við, austan árinna, var býlið Foss. Stutt fyrir ofan Sniðfoss er hylur, sem heitir Kláfhylur (15);

þar var kláfur, er notaður var milli bæjanna, þegar búið var á Fossi og í Tungu.

Nónhóll (16) er beint inn af bæ (aths.2); Nónhólssund (17) er meðfram honum, bæjarmegin við hólinn; úr því rennur Nónhólslækur (18) niður og í ána. Ármegin við hólinn er brekka allhá, sem heitir Nónhólsbrekka (19). Þar fyrir innan hólinn eru sund, sem nefnast Höll (20); svo kemur melur, og utan í þeim mel heitir Langahall (21), sem er ofan við fyrrnefnd Höll, sem einnig ná að ánni. Talsvert innar er hvammur niður við ána, sem heitir Fagrihvammur (22). Inn og upp af honum er stór steinn, sem heitir Einbúi (23); stundum hefur þetta einnig verið nefnt Bjarg (24). Þar neðar heita svo Eyrar (25) meðfram ánni. Þar innar er svo Stóragróf (26), sem rennur í ána móti Stóralæk í Miðfjarðarheiði.

Langimelur (27) liggur inn langa leið suðvestur af Kúalágum (28), sem eru í Tungubrún. Inn af Nónhól, sem fyrr var nefndur, neðan við Langamel, er smáholt, sem nefnt er Bergsteinsholt (29); á því er Bergsteinsstrýta (30), sem er aflangur sívalur steinn reistur upp á endann; á Bergsteinn sá, er reisti hann upp, að hafabúið í Kverkártungu. Langasund (31) liggur svo milli Langamels og Tunguhæðar. Þess má geta, að Fagrihvammur er klettahvammur, sem illt er að komast í þar er mjög fjölskrúðugt blómaval (Ath.3).

Fjánhólar, ytri (32) og innri (33), eru inn og upp af Fagrahvammi, lágir hólar; hjá þeim er Fjánhóla-foss (34) og Fjánhólagil (35), stórt gil hjá Ytri-Fjánhólunum. Innan við Hólana tekur svo við allmikill flói, sem heitir Vatnshæðaflói (36). Vatnshæðir (37) eru suðvestur af Fjánhólum, og þar niður af eru svo Heyhólar (38), og þar uppaf er Alftavatn (39) við vesturenda Vatnshæðar. Vatnshæð er ofan við flóann og Heyhólana.

Nú skulum við bregða okkur aðeins heim að bæ. Sveifarhóll (40) er innan við túnið. En upp frá

Snjóbotnum, sem eru ofan við túnið, 'er Dýjamýri (aths.4) (41), sem er flói, og melar á köflum neðan við Tunguhæð (42), en það er hæðin hér upp af bænum vanalega nefnd. Og brúin á henni er það sem vanalega er nefnt Tungubrún (43).

Þá er að hverfa aftur að Grasdál, þar sem frá var horfið. Upp með Kverká frá Tungusporði eru fyrst Klapparhólar (44) og Klapparfoss (45) í Kverká og Klapparvað (46) rétt ofan við fossinn. Gatan liggur niður að því utan í mel neðan við svonefndan Klofa-stein (47). Þessi melur er hár, en hafði ekki neitt nafn. Þá er Krókalág (48) sunnan undir þessum mel; þar innst er svo Brúarfoss (49). Þarna eru háir bakkar með ánni og gil á köflum. Norðvestur af háa melnum, þar sem brúin var er hvammur, sem heitir Söðull (50); í honum er höll, og kvosin kringum hólinn var nefnd Kriki (51).

Þá skal aftur byrjað utan frá, og enn frá Grasdálum. Litlilækur (52) kemur úr Illasundi (53), sem liggur með Tunguhæð að ofan og breikkar þar efst og heitir þar Valgerðarflói (54). Þar ofar heita Brúaröldur (55) og draga þær nafn af brú, sem sett var á Illasund. Illasundið nær inn að svonefndri Gránubrekku (56). Í vestur af Valgerðarflóa liggja löng hæðar-drög og holtaraðir frá Grasdál; þar eru fyrst Heimastaholt (57), Miðholt (58) og Strýtuholt (59) (aths.5). Í þessum drögum vestur af Valgerðarflóa er Kussuklettur (60). Solveigarsund (61) er grasgefið mýrarsund milli hárra hæðardraga, það er Brúaröldunnar fyrrnefndu og Kussukletts. Úr Solveigarsundi rennur Solveigarsundslækur (62).

Álftavatnslækur (63) rennur úr vatninu fyrrnefnda um Álftavatnsdal (64) í Kverká. Með læknum á dalnum heita Innri-Laufslægjur (64) og Ytri-Laufslægjur (65), harðvellisbakkar. Hér hefur orðið eftir Börð (66), þau eru vestur og upp af bænum. Á Tunguhæðinni er Miðaftanspúfa (67) og Náttmálaöxl (68). Innan við Álfta-

vatn eru Austaradrag (69) og Vestaradrag (70), er liggja inn að Lágurð.

Þá er að bregða sér norður fyrir Álftavatnsdal. Þar er þá fyrst Kjalhraun (71), sem nær alla leið niður að lækjarósi. Þar er svo Kúaflói (72) inn með ánni og Helgaflói (73) þar innar og Helgaurð (74); þar byrjaði eitt sinn að byggja maður að nafni Helgi.

Innan við Vatnshæðirnar fyrrnefndu eru Innri-Dalslækur (75) og Ytri-Dalslækur (76) og Dalslækjar-spordur (77), sem liggur upp að Háurð(78). En Flár (79) eru innan við Háurð, og Grenishryggur (80) er inn og suður af Flám. Fláalækur (81) rennur norður, innan við Háurð. Nokkuð innan við Fláalæk er Matarhóll (82). En Heiðarhóll (83) er rétt innan við Heiðarvatn (84).

Stafrófsskrá yfir Kverkártunguörnefni:

Austaradrag	69	Fálkafoss	6
Álftavatn	39	Fit	12
Álftavatnsdalur	64	Fjánhólafoss	34
Álftavatnslækur	63	Fjánhólagil	35
Ármótahylur	4	Fjánhólar innri	33
Bergsteinsholt	29	Fjánhólar ytri	32
Bergsteinsstrýta	30	Fláalækur	81
Þjarg	24	Flár	79
Brúarfoss	49	Grasdalur	8
Brúaröldur	55	Gránubrekka	56
Bæjarfoss	7	Grenishryggur	80
Bæjarhvammur	11	Háubakkavað	9
Börð	66	Háurð	78
Dalslækjarspordur	77	Heiðarhóll	83
Dalslækur innri	75	Heiðarvatn	84
Dalslækur ytri	76	Heimastaholt	57
Dýjamýri	41	Helgaflói	73
Einbúi	23	Helgaurð	74
Eyrar	25	Heyhólar	38
Fagrihvammur	22	Hulduhóll	10

Höll	20	Tungubrún	43
Illasund	53	Tunguhæð	42
Kjalhraun	71	Tungusporður	3
Klapparfoss	45	Valgerðarflói	54
Klapparhólar	44	Vatnshæðaflói	36
Klapparvað	46	Vatnshæðir	37
Kláfhyllur	15	Vestaradrag	70
Klofasteinn	47		
Kriki	51		
Krókalág	48		
Kussuklettur	60		
Kúafló	72		
Kúalágar	28		
Kverká	1		
Langahall	21		
Langasund	31		
Langimelur	27		
Laufslægjur innri	64		
Laufslægjur ytri	65		
Litlilækur	52		
Matarhóll	82		
Miðaftanspúfa	67		
Miðfjarðará	2		
Miðholt	58		
Náttmálaöxl	68		
Nónhólsbrekka	19		
Nónhólslækur	18		
+ Nónhólssund	17		
Skrúðhólshyllur	5		
Sniðfoss	14		
Snjóbotnar	13		
Solveigarsund	61		
Solveigarsundslækur	62		
Stóragróf	26		
Strýtuholt	59		
Sveifarhóll	40		
Söðull	50		
+ Nónhóll	16		

Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi fór yfir þessa skrá með Sigmari Jónassyni, syni Jónasar Pálssonar, sem síðastur var bóndi í Kverkártungu, en eftir það í Miðfirði. Sigmar ólst upp í Kverkártungu, mun nú (1966) vera fróðastur manna um örnefni þar. Þeir Guðmundur og Sigmar leiðréttu handritið nokkuð og bættu við eftirfarandi athugasemdum.

### Kverkártunga

1. Neðst í túninu, innan girðingar heitir Fit. Frá túni og niður að á heitir Bæjarmýri.<sup>85)</sup>
2. Nónhóll,<sup>86)</sup> lágur ávalur melur, beint inn af bænum.
3. Fagrihvammur er ekki til þarna, en rétt lýst sem nr. 22. Það sem þarna er nefnt, á við Fjárhólagil.
4. Dýja mýri er fyrir utan og neðan Snjóbotna, annars rétt.
5. Holtaraðir frá Grasdal eru; fyrst Heimastaholt, Miðholt og Strýtuholt.
6. Heiðin: Inn frá Álftavatni liggja Álftavatnsdrög,<sup>87)</sup> liggur allt vestra dragið/inn að Lágurð, sem er langur en ekki ýkjahár grjóthryggur. Milli Kverkár og Lágurðar er víðáttumikið mýrlendi, Lágurðarflói, sem víða er ófær hestum. Inn af Lágurðinni sunnan verðri eru Dalslækjardrög. Innan við Dalslækjardrög stendur Kverkártungukofi við Kofamýri. Inn og vestur af Lágurð taka við Lágurðardrög og inn af þeim Litlu-Kverkárdrög. Inn af Kverkártungukofa er allhá urð, sem heitir Tafla, inn af henni Töfluðrög og þar inn af nokkurn veginn slétt land, sem nefnist Flár, víðast vaxið lágvöxnum háfjallagróðri, og nær það allt inn að Heiðarvatni. Heiðarhóll er skammt utan við vatnið á heiðamörkum. Í suð-suð-austur frá honum suður við <sup>/Mið-</sup>fjarðará, er varða á heiðamörkum, í daglegu tali nefnd "Varðan". Þar út frá til norðausturs liggja

grösugir mýraflákar sundurskornir lækjum og kílum.  
Allnokku utar heita Sveifar, þar sem áin hefur  
myndað bug skammt innan við innri enda Háurðar.  
Fjar ánni heita Háurðardrög.

Norður-Múlasýsla

Skeggjastaðahreppur

Kverkártunga

Gott væri að fá svör við eftirfarandi spurningum, ef hægt væri:

- 1) Er einhver munnmælasögn tengd nafninu Hulduhóll?
- 2) Var Nónhóll eyktamark frá Kverkártungu?
- 3) Er vitað, hvernig stendur á nafninu Sveifarhóll?
- 4) Er vitað um tilefni nafnanna Gránubrekka og Solveigar-sund?
- 5) Er vitað um tófugren í Grenishrygg?
- 6) Koma fram í skránni öll örnefni, sem þekkt eru í landar-eigninni?
- 7) Eru lýsingar örnefnanna nægilega ýtarlegar?